



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið

frn@frn.is
545 8100

Síðumúla 24,
108 Reykjavík

stjornarradid.is

Alþingi - Nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Reykjavík 22. nóvember 2023
Tilv.: FRN23110039/00.04.00

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vísar til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 7. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir upplýsingum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um framhaldsfræðslu vegna umfjöllunar um 238. mál- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Unnið er að heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu, þ.m.t. lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. Gert er ráð fyrir að í þeirri vinnu verði skoðað nánar hvernig best megi koma fyrir þeim verkefnum framhaldsfræðslunnar sem Menntamálastofnun hefur sinnt á grundvelli laga um framhaldsfræðslu sem ekki er ætlað að falla undir málefnasvið nýrrar stofnunar verði frumvarp um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu óbreytt að lögum.

Er í því sambandi gert ráð fyrir að umræddum verkefnum, þ.m.t. vottun námskráa og viðurkenning framhaldsfræðsluaðila, verði fundinn staður innan viðeigandi stofnunar þar sem áfram verði hugað að heildarsýn, gætt að gæðastarfi fræðsluaðila, skýrleika námsframboðs og ávinnings náms fyrir nemendur innan framhaldsfræðslukerfisins, s.s. með mati á einingum. Í því sambandi bendir ráðuneytið á að samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu skal ráðherra fara með þessi verkefni en honum er þó heimilt að fela öðrum aðila verkefni. Enn hafa þó ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir hvað varðar framangreint en ráðuneytið er í góðu samráði við mennta- og barnamálaráðuneytið hvað þetta varðar.

Ráðuneytið gengur jafnframt út frá því að þær ákvarðanir sem Menntamálastofnun hefur tekið í tengslum við vottanir námskráa og viðurkenningu framhaldsfræðsluaðila haldi gildi sínu þrátt fyrir að stofnunin verði lögð niður við gildistöku fyrirhugaðra laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og því sé ekki þörf á að bregðast sérstaklega við í lögum um framhaldsfræðslu hvað það varðar. Ef óvissa þykir vera til staðar hvað þetta verðar sér ráðuneytið þó ekkert því til fyrirstöðu að bætt verði við lög um framhaldsfræðslu ákvæði til bráðabirgða í því skyni að eyða þeirri óvissu.

Fyrir hönd ráðherra


Jón Þór Porvaldsson


Eva Margrét Kristinsdóttir